

A kærði ákvörðun Tollstjóra um að leggja vörugjald á ökutæki kæranda ásamt þeim búnaði sem væri í ökutækinu og krafðist þess að vörugjald yrði eingöngu reiknað af þeirri upphæð sem teldist verðmæti bifreiðarinnar. Ákvörðun Tollstjóra byggðist á því að kærandi hefði flutt inn húsbíl í einu lagi og þar af leiðandi bæri að greiða aðflutningsgjöld af húsbílnum einum.

Litið var til þess að kærandi hefði flutt inn fullbúinn húsbíl en ekki sendiferðabifreið með varahlutum og samkvæmt því bæri honum að greiða aðflutningsgjöld, þ.m.t. vörugjald af heildarverði bílsins skv. framlögðum vörureikningi. Þá var bent á þau jafnræðissjónarmið að innflytjendur skyldu greiða viðbótaraðflutningsgjöld, þ.m.t. vörugjald, vegna breytinga á ökutækjum, bæði af ökutækjum sem flutt væru úr landi til aðvinnslu, sbr. 8. gr. tollalaga nr. 88/2005, og af ökutækjum sem breytt væri hér á landi, sbr. 8. og 9. gr. laga um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. nr. 29/1993.

Af þeim sökum var hin kærða ákvörðun Tollstjóra staðfest.